

25. október 2022

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 3F 2022

Sögulegur fjórðungur

Gengið var frá sölu Mílu þann 30. september 2022. Salan hefur veruleg áhrif á árshlutareikning félagsins.

- Tekjur á þriðja ársfjórðungi (3F) 2022 námu 6.210 m.kr. samanborið við 6.124 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBITDA, nam 1.790 m.kr. á 3F 2022 og hækkar því um 163 m.kr. eða 10,0%. EBITDA hlutfallið er 28,8% fyrir 3F 2022 en var 26,6% á sama tímabili 2021. Rekstrarhagnaður EBIT nam 986 m.kr. á 3F 2022 samanborið við 840 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 84 m.kr. á 3F 2022 en voru jákvæð sem nemur 29 m.kr. á sama tímabili 2021. Fjármagnsgjöld námu 165 m.kr., fjármunatekjur voru 97 m.kr. og gengistap nam 16 m.kr.
- Hagnaðar á 3F 2022 nam 36.346 m.kr. að teknu tilliti til hagnaðar af sölu Mílu. Hagnaður af áframhaldandi starfsemi á 3F 2022 nam 718 m.kr. samanborið við 707 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 7,3 ma.kr. í lok 3F 2022, en voru 8,3 ma.kr. í árslok 2021. Handbært fé í lok 3F 2022 nam 33,9 ma.kr., en var 3,5 ma.kr. í árslok 2021. Hækkun á handbæru fé er vegna sölu Mílu í lok september 2022.
- Eiginfjárlutfall Símans var 80,4% í lok 3F 2022 og eigið fé 65,5 ma.kr.

Orri Hauksson, forstjóri:

„Sölunni á Mílu lauk loksins við lok þriðja fjórðungs ársins. Verulegur söluhagnaður sem Síminn innleysir með viðskiptunum setur sérlega jákvætt mark sitt á uppgjörið, efnahagsreikning félagsins og ávöxtun eigin fjár. Á sama tíma er undirliggjandi rekstur Símans afar sterkur og í öruggum vexti. Þannig aukast tekjur í farsíma, interneti og sjónvarpi umfram kostnað, sem aftur eykur framlegð og hagnað.

Síminn umbreytist nú í lipurt þjónustufélag sem mun byggja á léttum efnahag og minnkaðri fjárfestingabyrði. Félagið hefur valið sérhæfða birgja innan lands og utan til að reiða sig á til framtíðar. Festa og sveigjanleiki í viðskiptasamningi félagsins við Mílu eflir Símann í að huga fyrst og fremst að vörubrúun og viðskiptavinum sínum. Þróun fjarskipta- og sjónvarpsmarkaða á Íslandi hefur einkennst af síaukinni keppni um hylli eftirlitsstofnana fremur en neytenda. Nú

þegar sameiginlegt eignarhald Símans og Mílu hefur verið rofið munu ýmsar íþyngjandi kvaðir fortíðar ekki eiga lengur við Símann og samkeppniskraftar virkjast betur í þágu neytenda.

Við erum afar stolt af því að íslensk framleiðsla í Sjóntarpi Símans hlaut nýlega 20 Edduverðlaun af 27 mögulegum, langmest allra sjónvarpsfyrirtækja. Árangurinn er sérstaklega ánægjulegur í ljósi þess að Sjóntarp Símans er eina stóra sjónvarpsfyrirtækið á Íslandi sem ekki nýtur beins stuðnings hins opinbera. Eins má nefna að í lok árs munum við nýta 80 5G senda á landinu, sem skiptast nokkuð jafnt milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Eftir þrjú ár verða 95 prósent heimila landsins með aðgang að 5G kerfi okkar.

Síminn mun á næstunni kynna nýja fjártæknilausn sem miðar að því að auðvelda viðskiptavinum lífið með stafrænum og sveigjanlegum hætti. Fyrri lánaafurðir Símans hafa verið í markvissum vexti sem byggt verður á til að höfða til stærrri hóps en fyrr. Ýmis fleiri spennandi verkefni eru í farvatninu.

Þann 26. október heldur félagið hluthafafund í kjölfar sölu á Mílu. Stjórn félagsins leggur til að hlutafé félagsins verði lækkað verulega með greiðslu til hluthafa, þar sem íslenskir lífeyrissjóðir eru í meirihluta.“

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu níu mánuðum 2022

Rekstur samstæðu

Rekstrarreikningur	3F			9M		
	2022	2021	%	2022	2021	%
Rekstrartekjur	6.210	6.124	1,4%	18.339	18.079	1,4%
Kostnaðarverð sölu	(3.681)	(3.766)	-2,3%	(11.040)	(11.241)	-1,8%
Rekstrarkostnaður	(1.543)	(1.518)	1,6%	(5.057)	(4.951)	2,1%
EBIT	986	840	17,4%	2.242	1.887	18,8%
Hrein fjármagnsgjöld	(84)	29	-389,7%	(157)	(101)	55,4%
Tekjuskattur	(184)	(162)	13,6%	(404)	(361)	11,9%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	718	707	1,6%	1.681	1.425	18,0%
Aflögð starfsemi	35.628	350		35.916	3.134	1.046,0%
Hagnaður tímabils	36.346	1.057	3.338,6%	37.597	4.559	724,7%
EBITDA	1.790	1.627	10,0%	4.516	4.219	7,0%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,10	0,09	11,1%	0,23	0,18	27,8%

Sala á 9M 2022 nam 18.339 m.kr. samanborið við 18.079 m.kr. á sama tímabili árið 2021, sem er 1,4% vöxtur milli ára. Sé leiðrétt fyrir vörusölu til Mílu og Spotify sem Síminn hætti að selja í ársbyrjun 2022 aukast tekjur um 2,3%. Tekjur af farsíma námu 4.500 m.kr. og hækkuðu um 354 m.kr. eða 8,5% á milli tímabila. Tekjur af talsíma námu 1.063 m.kr. og lækkuðu um 11,4% á milli tímabila. Tekjur af gagnaflytningi námu 5.651 m.kr. og hækkuðu um 134 m.kr. eða 2,4% á milli tímabila. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 4.948 m.kr. og hækkuðu um 209 m.kr. eða 4,4% á milli tímabila. Tekjur af vörusölu námu 1.359 m.kr. og lækkuðu um 153 m.kr. eða 10,1% á milli tímabila. Aðrar tekjur námu 818 m.kr. og lækkuðu um 147 m.kr. á milli tímabila.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 11.040 m.kr. og lækkar um 201 m.kr. eða 1,8% frá sama tímabili 2021. Rekstrarkostnaður nam 5.057 m.kr. og hækkaði um 106 m.kr. eða 2,1% frá sama tímabili 2021.

EBITDA, þ.e. rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði, var 4.516 m.kr á 9M 2022 en var 4.219 m.kr. á sama tímabili 2021 og hækkaði um 297 m.kr. á milli tímabila eða um 7,0%. EBITDA hlutfallið er 24,6% á 9M 2022, en var 23,3% á sama tímabili árið 2021.

Afskriftir félagsins námu 2.274 m.kr. á 9M 2022 samanborið við 2.332 m.kr. á sama tímabili 2021 og lækka um 58 m.kr. á milli tímabila.

Hrein fjármagnsgjöld voru 157 m.kr. á 9M 2022 og hækkuðu um 56 m.kr. á milli ára.

Hagnaður á 9M 2022 af áframhaldandi starfsemi nam 1.681 m.kr. samanborið við 1.425 m.kr. á sama tímabili 2021. Hagnaður á 9M 2022 með aflagðri starfsemi nam 37.597 m.kr.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar nema samtals 4.460 m.kr. á 9M 2022 samanborið við 4.218 m.kr. á sama tímabili 2021. Aukning á rekstartengdum eignum og skuldum á 9M 2022 eru 1.659 m.kr.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 6.119 m.kr. á 9M 2022 samanborið við 5.476 m.kr. á sama tímabili 2021. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 5.354 m.kr. á 9M 2022 samanborið við 4.807 m.kr. á sama tímabili 2021.

Fjárfestingahreyfingar námu 29.534 m.kr. á 9M 2022, þar af nam greiðsla vegna sölu Mílu 32.713 m.kr. Á þriðja fjórðungi færast stór hluti sýningarréttar ensku úrvalsdeildarinnar úr fyrirframgreiddum kostnaði í fjárfestingu. Fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar sem nemur 4.537 m.kr.

Sjóðstreymi	9M 2022	9M 2021
Rekstrarhagnaður tímabils	2.242	1.887
Afskriftir	2.274	2.332
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(56)	(1)
Samtals rekstrarhreyfingar	4.460	4.218
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	1.659	1.258
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	6.119	5.476
Nettó greiddir vextir	(208)	(83)
Greiddir skattar	(557)	(586)
Handbært fé frá rekstri	5.354	4.807
Fjárfestingarhreyfingar	29.534	20.498
Fjármögnunarhreyfingar	(4.537)	(19.096)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	30.351	6.209
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(8)	8
Handbært fé í upphafi tímabils	3.509	735
Handbært fé í lok tímabilsins	33.852	6.952

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 81.491 m.kr. í lok 3F 2022 en voru 69.727 m.kr. í lok árs 2021.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 7.319 m.kr. í lok 3F 2022 samanborið við 8.294 m.kr. í lok árs 2021. Handbært fé í lok 3F 2022 nam 33.852 m.kr. samanborið við 3.509 m.kr. Hækkunin er tilkomin vegna sölu Mílu. Handbært fé og útlán Símans Pay umfram vaxtaberandi skuldir er 28.023 m.kr.

Eigið fé félagsins nam 65.480 m.kr. í lok 3F 2022 og eiginfjárlutfall félagsins var 80,4%.

Eignir	30.09.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir.....	2.312	2.219
Leigueignir.....	997	753
Óefnislegar eignir.....	21.870	19.403
Skuldabréfaeign.....	16.069	0
Aðrar eignir.....	547	675
Fastafjármunir	41.795	23.050
Eignir flokkaðar til sölu.....	0	36.929
Handbært fé.....	33.852	3.509
Aðrir veltufjármunir.....	5.844	6.239
Veltufjármunir	39.696	46.677
Eignir alls	81.491	69.727

Skuldir og eigið fé	30.09.2022	31.12.2021
Eigið fé.....	65.480	31.079
Eigið fé	65.480	31.079
Skuldabréfalán.....	5.953	5.943
Leiguskuldbinding.....	786	653
Viðskiptaskuldir.....	585	0
Tejkuskattsskuldbinding.....	485	604
Langtímaskuldir	7.809	7.200
Skuldir flokkaðar til sölu.....	0	25.826
Aðrar skammtímaskuldir.....	8.202	5.622
Skammtímaskuldir	8.202	31.448
Skuldir og eigið fé alls	81.491	69.727

Um starfsemina

- Fyrir í mánuðinum felldi Héraðsdómur Reykjavíkur úr gildi ákvörðun Samkeppnis- eftirlitsins (SE) frá því í maí 2020. Ákvörðun SE fól í sér að Síminn hefði brotið gegn tveimur sáttum sem Síminn gerði við SE og lögð var sekt að fjárhæð 500 m.kr. SE taldi að brotið hefði verið gegn sáttunum með því að Heimilispakkinn hefði innihaldið útsendingar frá leikjum í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu frá og með haustinu 2019. Síminn bauð eftir sem áður stakar áskriftir að Síminn Sport og Sjónvarpi Símans Premium sem og fjarskiptaþjónustu félagsins. Áskrift að sjónvarpsþjónustu félagsins var umtalsvert lægra en verð Heimilispakkans. Síminn taldi að ákvörðun SE hefði verið röng og leitaði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem felldi hluta ákvörðunarinnar úr gildi, þ.e. meint brot gegn sátt er varðar aðskilnað Símans og Mílu, og lækkaði sektina niður í 200 mkr. Það var mat Símans að afstaða áfrýjunarnefndar til þess þáttar sem stóð eftir hefði verið efnislega röng og leitaði til dómstóla, sem felldi úr gildi ákvörðun SE. Það er bæði raunhæft og mögulegt fyrir viðskiptavinum að kaupa fjarskiptaþjónustu af Símanum án þess að kaupa sjónvarpsþjónustu sem innihélt útsendingar frá ensku úrvalsdeildinni. Héraðsdómur féllst á rök Símans og taldi að Samkeppniseftirlitið hefði ekki sannað að Síminn hefði brotið gegn umræddri ákvörðun. Ennfremur tók Héraðsdómur undir afstöðu áfrýjunarnefndar varðandi þann þátt sem nefndin hafði áður felld úr gildi en SE hafði leitast við að fá úrskurð áfrýjunarnefndar felldan úr gildi. Sekt með öllu felld niður sem hefur jákvæð áhrif á EBITDA á 4F um 200 m.kr.
- Settir hafa verið upp 65 5G sendar og eru 35 af þeim á höfuðborgarsvæðinu. Í lok árs er gert ráð fyrir að búið verði að setja upp um 80 5G senda. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að 95% dekkningu (PoP) verði náð í árslok 2025.

- Síminn og Háskólinn í Reykjavík hafa undirritað fimm ára samstarfssamning um stuðning Símans við konur með framúrskarandi námsárangur til náms í tæknigreinum í HR. Markmið samstarfsins er að fá ungar konur til að íhuga tæknigreinar sem valkost í námi og fjölga konum sem útskrifast úr tæknigreinum. Síminn greiðir þannig skólagjöld styrkþeganna og möguleiki er á áframhaldandi styrk út námið.
- Íslensk framleiðsla í Sjónum Símans hlaut 20 verðlaun á nýafstaðinni Edduverðlaunahátíð, mest allra íslenskra sjónvarpsstöðva. Alls hlaut efni Símans 41 tilnefningu. Verðlaunin eru hvatning fyrir Símann að halda áfram á sömu braut.
- Útlán Símans Pay halda áfram að aukast og eru í dag um 1,5 ma.kr. Félagið kynnti nýlega rafræna beiðnabók sem leysir af hólmi gamaldags beiðnabækur fyrirtækja og stofnanna. Rafrænt veltukort verður kynnt á næstunni sem mun bjóða upp á meiri fjölbreytni og sveigjanleika. Stöðug vöruþróun er hjá fyrirtækinu og munu fleiri nýjungar líta dagsins ljós á næstunni.
- Síminn hefur undanfarið leitast við að auka vægi markaðsfjármögnunar. Fyrstu skrefin í því hafa verið víxlaútgáfa. Þann 11. október sl. lauk víxlaútboði þar sem tilboð bárust fyrir 3 ma.kr. á bilinu 7,10 – 7,39%. Tilboðum var tekið fyrir 1,1 ma.kr. á 7,20% flötum vöxtum. Um er að ræða 64 punkta álag á 6M REIBOR sem er besta niðurstaða Símans til þessa.
- Félagið hefur boðað til hluthafafundar þann 26. október þar sem tekin verður fyrir tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa. Tillagan gengur út á að lækka hlutafé félagsins um 2.900 m.kr., úr 7.300 m.kr. í 4.400 m.kr. með greiðslu að fjárhæð 31,5 ma.kr. Eiginfjárlutfall félagsins er nú rúmlega 80% sem er fjarri markmiðum félagsins um fjármagnsskipan. Það er stefna félagsins að liggja ekki með verulegt handbært fé sem nýtist ekki í daglegum rekstri eða í fjárfestingar.

Horfur fyrir árið 2022

EBITDA spá fyrir árið 2022 hefur verið uppfærð í tvígang undanfarinn mánuð. Upphafleg EBITDA spá var á bilinu 5,3 – 5,6 ma.kr. Í lok september var spáin hækkuð í 5,8 – 6,1 ma.kr þar sem óvissu um meðferð sölukostnaðar við sölu Mílu hafði verið eytt og þann 11. október var hún hækkuð í 6,0 – 6,3 ma.kr. í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur vegna 200 m.kr. endurgreiðslu frá Samkeppniseftirlitinu.

Áætlað er að fjárfestingar verði á bilinu 4,3 til 4,6 ma.kr.

Kynningarfundur 26. október 2022

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 26. október 2022 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu Orri Hauksson forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/umsimann/uppgjor>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í netstreymi á vefslóðinni:

<https://www.siminn.is/fjarfestakynning>.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal 2022

Hluthafafundur	26. október 2022
Ársuppgjör 2022	14. febrúar 2023
Aðalfundur 2023	9. mars 2023

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Orri Hauksson, forstjóri Símans, s. 550 6003 (orri@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans, s. 550 6003 (oskarh@siminn.is)